

um lifeyrissjóð togarasjómannanna.

Flm.: Einar Olgeirsson, Gunnar Jóhannsson.

1. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð til þess að tryggja togarasjómönnum, er láta af störfum vegna elli eða vanheilsu, geymdan lifeyri, svo og lifeyri ekkjum þeirra og börnum. Rétt er og að lána togarasjómönnum úr slíkum sjóði til íbúðabygginga handa þeim sjálfum með góðum kjörum. Ríkissjóður leggur lifeyrissjóði togarasjómannanna sem stofnfé tvær milljónir króna, Landsbanki Íslands tvær milljónir króna og Útvegsbanki Íslands eina milljón króna.

2. gr.

Þau réttindi, er togarasjómenn öðlast með lögum þessum, skulu í engu rýra rétt þeirra til elli- eða örorkulifeyris eða slysa- eða dánarbóta, sem þeim bæri samkvæmt öðrum lögum, heldur bætast við slík hlunnindi. Þá skulu þeir og hafa sama rétt og aðrir til lána til íbúðabygginga, þótt þeir fái lán úr lifeyrissjóði togarasjómannanna.

3. gr.

Sjóðfélagar eru allir þeir íslenzkir ríkisborgarar, sem starfað hafa tólf mánuði eða lengur á íslenskum togurum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum. Einn skal tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, og skal hann vera formaður stjórnarinnar, annar af ríkisstjórninni og hinn þriðji skal kosinn af sjóðfélögum eða félagsskap þeirra samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Skipunar- og kjörtími stjórnarinnar er þrjú ár.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem skuldabréfum, tryggðum með fyrsta eða öðrum veðrétti í íbúðarhúsum, er togarasjómenn reisa sér eða kaupa til eigin afnota, allt að 60% af brunabótamati þeirra, ríkisskuldabréfum eða öðrum bréfum með ríkisábyrgð eða með öðrum álíka tryggilegum hætti.

Tryggingastofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins fyrir þóknun eftir samkomulagi hennar og stjórnar sjóðsins. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af hinni umboðslegu endurskoðun án sérstakrar þóknunar.

6. gr.

Sjóðfélagar greiði ár hvert í iðgjöld til sjóðsins 1% af heildarkaupi því, sem þeir hafa haft á togurum yfir árið. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum þessum eftir af launum sjóðfélaga og standa sjóðnum skil á þeim. Launagreiðendur (togaraeigendur) greiði ár hvert 3% af heildartogarakaupi því, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins.

Ríkissjóður greiði ár hvert 6% af heildarárskaupi því, er sjóðfélagi fær, í iðgjöld til sjóðsins. Þó skal ekki greitt af herra árskaupi en því, er samsvarar 45000 kr. grunnlaunum að viðbætri kaupgjaldsvísitölu.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal að fimm árum liðnum frá gildistöku þessara laga og síðan fimmta hvert ár láta tryggingasérfræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til að efla hann. Sýni rannsókn, að fjárhagur sjóðsins sé svo góður, að hægt væri að lækka iðgjöld eða auka bætur, skal hann athuga vandlega, hvað gera beri, og tjá sjóðsstjórninni niðurstöður sínar.

8. gr.

Við útlán til íbúðabygginga togarasjómannanna skal taka tillit til ómegðar þeirra, starfsaldurs og aldurs, og skal sjóðsstjórnin setja um þá útlánastarfsemi nánari ákvæði í reglugerð. Ekkjur togarasjómannanna, er rétt hafa til lifeyris, hafa og rétt til lána úr sjóðnum.

9. gr.

Sjóðurinn greiði sjóðfélögum lífeyri og örorkulífeyri og eftirlátnum maka þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir.

10. gr.

Hver sjóðfélagi, sem unnið hefur á íslenskum togara 10 ár eða lengur, þar af a. m. k. fimm ár eftir að lög þessi hafa öðlazzt gildi, og annaðhvort er orðinn fullra 60 ára að aldri eða hefur unnið á íslenskum togurum 30 ár eða lengur, á rétt á árlegum lífeyri úr sjóðnum.

Upphæð lífeyrisins er hundraðshluti af meðalárstekjum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans, og fer hundraðshluti þessi hækkandi eftir því, sem starfstíminn verður lengri, svo sem hér segir (þó skal aldrei miða greiðslu við hærri meðalárstekjur en iðgjaldagreiðsla er miðuð við):

Starfstími:	Lífeyrir:
10 ár .....	12.5%
11 — .....	14.0—
12 — .....	16.0—
13 — .....	18.0—
14 — .....	20.0—
15 — .....	22.0—
16 — .....	25.0—
17 — .....	28.0—
18 — .....	31.0—
19 — .....	34.0—
20 — .....	37.0—
21 — .....	40.0—
22 — .....	43.0—
23 — .....	46.0—
24 — .....	49.0—
25 — .....	52.0—
26 — .....	55.0—
27 — .....	58.0—
28 — .....	61.0—
29 — .....	65.0—
30 — eða lengur .....	70.0—

Það telst eitt ár samkv. þessari grein, hafi sjóðfélagi verið skráður 8 mánuði á togara á sama almanaksári.

11. gr.

Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna starfi sínu eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum varanlegrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingalæknir í samráði við landlækni metur örorkuna meiri en 10%.

Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs á togurum, er hámark hins árlega örorkulífeyris hans jafnhátt ellilífeyri þeim, er hann hefði öðlazzt rétt til, ef hann hefði unnið 30 ár á togurum. Endranær miðast hámark örorkulífeyrisins við starfstíma og meðallaun 10 síðustu starfsár öryrkjans með sama hætti og segir í 10. gr.

Örorkulífeyrir hvers einstaks er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri hans samkv. 2. málsgr. þessarar gr. sem örorka hans er metin. Enginn getur fengið örorkulífeyri, meðan hann heldur fullum launum þrátt fyrir örorkuna.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til þess að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir.

#### 12. gr.

Nú andast sjóðfélagi eða sá maður, sem nýtur lífeyris úr sjóðnum, og lætur hann eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi hinn látni unnið samtals 10 ár á íslenskum togara, þar af a. m. k. fimm ár eftir að lög þessi öðlast gildi.

Nú hefur sjóðfélagi, er andast, unnið alls tíu ár á íslenskum togurum, en skemmri tíma en fimm ár eftir að lög þessi öðlast gildi, og skal eftirlifandi maki þá njóta sama réttar og um getur í 1. málsgr., enda hafi hinn látni verið starfandi á togurum, er lög þessi öðluðust gildi, eða ráðið sig á togara aftur á fyrsta ári þessara laga og starfað þar síðan.

Nú hefur sjóðfélagi, er andast, unnið skemmri tíma en tíu ár á íslenskum togurum, og skal þá endurgreiða eftirlifandi maka hans iðgjöld þau, er greidd hafa verið á hans nafn í sjóðinn.

Upphæð lífeyris hins eftirlifandi maka fer eftir starfstíma hins látna og meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsár hans. Ef starfstíminn er 10 ár, er hinn árlegi lífeyrir 20% af meðalárslauninum, en hækkar síðan fyrir hvert starfsár um 1% af meðalárslauninum, unz hámarkinu, 40% af meðalárslauninum, er náð eftir 30 ára starfstíma.

Sé hinn eftirlifandi maki yngri en 50 ára og hafi hann verið meira en 10 árum yngri en hinn látni, lækkar lífeyrir hans um 1% af meðalárslauninum fyrir hvert ár, sem aldursmunurinn er umfram 10 ár. Þó skal frádrátturinn ekki vera fleiri hundraðshlutar af meðalárslauninum en ár þau, sem hinn eftirlifandi maka vantar á 50 ára aldur.

Verði árlegur lífeyrir maka samkvæmt 4. og 5. málsgr. þessarar greinar lægri en 2500 kr., skal hann hækkaður upp í þá upphæð.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu stóra hjónabandi slitið.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og starfar áfram á togara, og hækkar þá réttur hans til ellilífeyris um 2% af meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsárin fyrir hvert ár, sem hann frestar að taka ellilífeyri. Á tilsvarendi hátt hækkar lífeyrisréttur maka hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár.

#### 13. gr.

Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 16 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til þau eru fullra 16 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börn og kjörbörn.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er lífeyrir þess 25% hærri en meðalmeðlag það, sem félagsmálaráðherra hefur ákveðið með barni á sama aldri í Reykjavík á þeim tíma, sem lífeyririnn á að greiðast. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfalt meðlag þetta.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn sjóðfélaga, er hann verður öryrki, þó þannig, að lífeyrir þeirra skal þá nema jafnmiklum hundraðshluta af lífeyrisupphæð þeirri, sem greinir í 2. málsgr. þessarar gr., sem örorka sjóðfélagans er metin.

14. gr.

Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af vinnu sinni á togara, og á hann þá alltaf rétt á endurgreiðslu eigin iðgjalda, en um frekari réttindi hans úrskurðar sjóðsstjórn með hliðsjón af ástæðum hans og aðstæðum og veitir honum svipuð réttindi og opinberir starfsmenn hafa samkvæmt 16. gr. laga nr. 64 2. sept. 1955.

15. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um allt, sem varðar framkvæmd laganna.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta Alþingi af sömu þm. og nú og Sigurði Guðnasyni, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Togararnir eru aðalundirstaðan undir þjóðarbúskap vorum. Sjómennirnir á þeim rúnum 40 togurum, sem Íslendingar nú eiga, framleiða helminginn af þeim fiski, sem er aðalútflutningsvara þjóðarinnar. Vinna þeirra og framleiðsla stendur því óbeint undir næstum helmingnum af öllu, sem vér flytjum inn. Lífsafkoma og menningarstig þjóðarinnar er því undir því komið, að togarareksturinn sé öruggur og í vexti, og frumskilyrði þess er, að góðir og dugandi menn fái á alla þá togara, sem þjóðin á eða vill eignast.

Fyrir þjóðarbúið borgar togarareksturinn sig bezt af öllum rekstri. Hver verkamaður, sem þjóðarbúið fær til vinnu á togara, gefur þjóðarbúinu meira í aðra hönd en nokkur annar maður. Að svo miklu leyti sem heildarframleiðsla vor Íslendinga er meiri að tiltölu en flestra annarra þjóða, þá er það fyrst og fremst togararekstrinum að þakka, hinum góðu fiskimiðum, hinum stórvirku togurum og hinum sókn-djörfu, hörðu togarasjómönnum. Og á þeim síðastnefndu byggist það, að hitt tvennt nýtist: fiskimiðin og togararnir.

Hver íslenskur sjómaður framleiðir í meðalári 70 smálestir af fiski. Sú þjóð, er næst oss er í veröldinni að fiskframleiðslu, miðað við hvern starfandi sjómann, framleiðir um 10 smálestir á sjómann. Það, sem gerir meðaltal vort svo hátt, er, að þeir 1200 sjómenn, sem vinna á 40 togurum, framleiða allt að því 200 smálestir á sjómann á ári.

Það er því þjóðarnauðsyn að geta fengið nægilegt af duglegum sjómönnum á vaxandi togarafloata. Reynslan undanfarin ár hefur hins vegar verið sú, að það hafa ekki einu sinni fengizt nógir menn á þann togarafloata, sem fyrir er. Það hefur jafnvel orðið að fá Færeyinga á flotann.

Hér áður fyrr var sótt eftir því að komast á togarana, og það var hægt að velja úr beztu sjómennina á þá. Þá var togarasjómennskan líka skást launuð allrar íslenzkrar vinnu, þótt bæði væri hún erfiðust og aðbúnaðurinn miklu lélegri en nú. Nú er togarasjómennskan hvorki betur launuð en aðrar verkamannastöður né öruggari, nema síður sé.

Það er þjóðarnauðsyn, að þessu verði gerbreytt. Þjóðin verður að búa þannig að þessum mönnum, sem taka að sér hið erfiða og áhættusama verk þjóðarbúskaparins að vinna á togurunum, að ungir og knáir menn sækist eftir að vinna þá vinnu. Til þess þarf að vísu fyrst og fremst að bæta laun togarasjómanna, en meðan togararnir eru ekki reknir af ríkinu, verður breyting í þá átt ekki fyrst og fremst gerð með lögum frá Alþingi.

En það er hægt af hálfu Alþingis að gera ýmislegt annað til þess að gera starf togarasjómannsins eftirsóknarverðara.

Þetta frumvarp miðar að því að veita togarasjómönnum sams konar öryggi um eftirlaun, elli- og örorkulífeyri og fjölskyldum þeirra um dánarbætur og starfsmenn

rikisins nú hafa, — og þó að tvennu leyti meiri: Togarasjómenn skulu njóta réttinda almannatrygginganna auk þessara réttinda, og þeir skulu aðeins greiða lítið gjald fyrir þessi réttindi, 1% iðgjald, en ríkið greiðir hins vegar aðalgjaldið. Ef einhver álitur þetta of mikið, þá má ræða það mál, þegar aðsókn að vinnu á togurunum væri orðin svo mikil, að allir, sem um sæktu, kæmst ekki að á þeim 15 togurum, sem landið þarf að kaupa á næstu tveim árum til þess að halda við togaraflotanum. Þá mundi þetta frumvarp og veita togarasjómönnum þann rétt að geta fengið hagstæð lán úr lífeyrissjóði sínum, og eru það fríðindi, sem starfsmenn rikisins nú meta mikils.

Ýmsir munu segja, að með þessum ákvæðum öllum væri stigið stórt spor í þá átt að gera togarasjómenn að ríkisstarfsmönnum. Það er að vissu leyti rétt. Þróunin í togararekstri vorum gengur öll í þá átt að gera rekstur togaranna að opinberum rekstri, ýmist bæjar- og sveitarfélaga eða rikisins, og það er þróun í rétta átt.

Þjóðfélaginu er nauðsyn að fá menn til að vinna að staðaldri á togurunum. Afköst togaranna sem framleiðslutækja eru allt að því tvöföld, þegar vanir togarasjómenn vinna, móts við það, sem óvanir afkasta. Við þessa nauðsyn eru ýmis ákvæði þessa frv. miðuð, og þarfnast þau ekki frekari skýringar við.

Þau rök, sem hér hafa verið flutt fyrir þessu frv., eru öll miðuð við þörf þjóðarheildarinnar. — Það mætti líka færa mörg rök fyrir því, að togarasjómennirnir ættu þau réttindi skilið, sem hér er farið fram á fyrir þá.

Togarasjómenn vinna — eins og bátasjómennirnir — lífshættulegasta starfið, sem unnið er af íslenzkri þjóð.

Togarasjómenn verða að afsala sér — líkt og farmennirnir — fjölskyldulífi lengri tíma ársins en nokkrir aðrir verkamenn.

Togarasjómennirnir vinna lengri vinnutíma og erfiðari vinnu en nokkrir aðrir verkamenn — að bátasjómönnum undanskildum.

Togarasjómaðurinn er útslitinn maður fyrr en flestir aðrir þegnar þjóðfélagsins, ef hann vinnur áratugum saman á togurum. Hann ætti því hvíld skilið á kostnað þjóðarinnar, sem hann hefur unnið allt, sem hann mátti, ef farið væri eftir verðleikum.

En því höfum við sett hin þjóðhagslegu rök hér á undan hinum mannlegu, að við ætlum, að þingmenn muni taka meira tillit til hinna fyrri.

Að síðustu: Vonandi ber Alþingi gæfu til þess að láta þetta frv. verða að lögum. Með því væri unnið nauðsynlegt verk fyrir íslenzkan þjóðarbúskap — og réttlætisverk gagnvart togarasjómönnum. Það væri leitt, ef Alþingi daufheyrðist við þessu réttlætismáli, en togarasjómenn yrðu síðan að knýja það fram með harðfygli verkfallanna, eins og orðið hefur með ýmis önnur réttlætismál þeirra.

Og kunni einhver að álíta, að hér sé farið inn á „hættulega“ braut og fleiri, t. d. bátasjómenn og fleiri verkamenn, kunni að koma á eftir, þá er aðeins gott eitt um það að segja, að með vaxandi framleiðsluafköstum þjóðfélagsins öðlist aðrir vinnandi menn þau réttindi, sem hér er farið fram á fyrir togarasjómenn.

Einstök atriði þessa frv. þurfa vafalaust endurskoðunar við, en í heild hafa lög um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna verið höfð til hliðsjónar. Vænta flutningsmenn þess, að það, sem aflaga kann að fara, verði leiðrétt í meðförum Alþingis.“